



# Mary Magdalena Schram i Hugemblaðið

## Sólmum og sunnanvinda

(1)

Í öllum þeim önnum, sem því fylgja fyrir ~~xx~~ fátæk samtök að bjóða fram lista til kosninga, gefst líttill tími til að líta um öxl. Framsýnin og baráttugleðin hefur líka verið svo mikil hjá okkur á Hotel Vík, að varla nokkurn tímamann síðustu vikurnar höfum við veitt okkur þann munað að setuast niður til að tala um það sem að baki er og spurja sem svo: höfum við gengið til góðs - götuna fram eftir veg? Sannfæringin um jákvætt svar og tilhlökkunin eftir morgundeginum hefur e.t.v. verið of mikil:

En grein Áslaugar Ragnars, "Vinstri stefna varð ofan á" (Mbl. lau. 8. maí s.l.) varð mér þó tilefni sliks uppgjörs við starf síðustu mánaða, - raunar kærkomið tækifæri og að lestrinum loknum - fagnaðarefní.

- eins og hendi væri veifað:

Vegna þess að persóna greinarhöfunda skiptir vissulega máli, er mér ljúft að segja frá því, að við Áslaug Ragnars komumst sameiginlega að þeirri niðurstöðu eftir fundinn góða á Borginni í byrjun síðasta november, að hér væri mál, sem við vildum taka þátt í. Strax eftir þann fund, gengum við ásamt með nokkrum samsinnis konum á vit upphafskvenna Börgar-fundarins og vildum ~~skákt~~ slást í hópinn. Það var auðfengið. Ekki löngu seinna var haldinn fundur á Hallveigarstöðum, þar sem ~~skipulagning~~ Kvennaframboðs hófst af fullum krafti; kosið var í nefndir og ráð - eins og Áslaug rekur raunar réttilega í greininni sinni. Áslaug gekk fram í því af dugnaði að útvega húsnæði, sjálfa Hotel Vík, í hjarta borgarinnar og símann sá hún reyndar líka um að panta og eiginlega áður en hendi væri veifað vorum við komnar á ráðstefnu um hugmyndafræðilegan grundvöll að Kvennaframboði, rétt eins og Áslaug skýrir frá. Þar voru m.a. lesin upp plögg, sem undirbúin höfðu verið fyrir ráðstefnugesti að velta fyrir sér og byggja stefnuna á. Til að spara mér sporin, leyfi ég mér að gefa Áslaugu orðið:

"sem hvæða lýðræðisflokkur hefði getað skrifaað undir"

"Þar var hafnað umræðugrundvelli, sem saminn var fyrir tilstilli framkvæmdanefndar hinna óformlegu samtaka og fram borin í nafni priggja kvenna úr framkvæmdanefnd. Í téðum grundvelli var sneitt hjá því, sem orðið gæti til ásteytingar þeim, sem aðhylltust megin stefnur

C301



í stjórnmálum, en áhersla lögð á lýðræðishugmyndir og jafnrétti á öllum sviðum - og þá ekki aðeins jafnrétti kynjanna. Plagg þetta var almenns eðlis, eins og við var að búast og vandfundis þar nokkuð, sem hvaða lýðræðisflokkur sem er hefði ekki getað skrifað undir, þó sjálfsgagt hefði hver hinna hefðabundnu stjórnmála-flokkka saknað þar eins og annars úr forgangshugsjónum sínum." (A.R., Mbl. 8. maí 1982)

Þetta er afar góð lýsing, að téðu plaggi og augljóst af henni, á hvaða forsendum því var vísað frá. Það var almenns eðlis og í því varla nokkuð sem lýðræðisflokkarnir okkar geta ekki skrifað undir. Með öðrum orðum, plaggið var gömul lumma og mjög í þeim dúr, sem flokkarnir veifa framan í almenning og hafa gert svo árum skiptir. En ein ástæða fyrir tilurð Kvænaframboðs, er einmitt sú staðreynd, að engin stjórnmálauflokkanna hefur treyst sér til að taka einardlega afstöðu til jafnréttis kynjanna sérstaklega og standa við þá afstöðu þegar á hólminn er komið. ~~XXXXXX~~ Pessum umræðugrundvelli var ~~því~~ hafnað nær umyrðalaust.

(Þess skal getið, að hafi einhver lesenda minna áhuga á plagginu, að það ~~XXXXXX~~ enn til á Hotel Vík, bæði frumrit Áslaugar Ragnars, viðaukar tvæggja nefndarsystra hennar og hið endanlega plagg, sem lesið var upp á ráðstefnunni.)

"að kvenkyn og karlkyn séu tveir andstæðir pólar"

NÚ - og eins og réttilega segir í grein Áslaugar: "Er plagg þetta hafði verið lesið upp á fundinum, tók til málს Helga Sigurjónsdóttir, fyrrum bæjarfulltrúi Alþýðubandalagsins í Kópavogi. Málflutnin ur hennar var mjög á sama veg og áður hafði komið fram hjá henni í ræðu og riti, þ.e. að "raunveruleg kvennavöld" hlytu að vera í andstöðu við "karlaveldið" og grundvallast í kvennamenningu og reynsluheimi kvenna" ella væri hin "nýja kvennahreyfing" stödd í sömu sporum og Rauðsokkahréyfingin fyrir tíu árum og væri sorglegt ef ekkert hefði gert á öllum þeim tíma." (A.R. Mbl. 8. maí.)



Áslaug rekur síðan sögu fundarins áfram og það réttilega, segir frá erindi Helgu Kress um "menningarmál" og vitnar til þeim með pess í nokkuð löngu máli. Því næst stendur í grein Áslaugar ~~tog~~<sup>MUN</sup> álit hennar á tilvitnunum:

"sem sé - raunveruleg kvennavöld og reynsluheimur kvenna eru það sem koma skal. Manni verður vonandi ekki láð að skelfast síka aðskilnaðarstefnu, þar sem sú skoðun er í öndvægi, að kvenkyn og karlkyn séu tveir andstædir pólar, sem heimurinn snúist um og að þessir pólar hljóti að ~~þær~~ eiga í eilífri togstreitu og hattrömmum átökum. Að ekki sé minnst á þá óskiljanlegu minnimáttarkennd, sem þetta hugmyndakerfi grundvallast á." (A.R. Mbl.8.maí)


Sannari orð gæti Áslaug ekki hafa skrifad. Hitt hefði ~~e.t.v.~~ verið heiðarlegra af ~~A. S. Kress~~, að geta þess í leiðinni, að þessu hugmyndakerfi var hafnað af ráðstefnugestum rétt eins og umræðugrundvellinum, sem fyrr var lýst sem og almennum. Og ~~sína og þeim~~, sem áhuga hafa haft á því að lesa stefnu og hugmyndafræði Kvennaframboðsins, eins og þær ~~þær~~ litu dagsins ljós eftir þau átök, sem Áslaug er að lýsa, ~~umhverfuna~~ stendur ~~þau~~ m.a.:

"Markmið Kvennaframboðs er, að ónotaður viskufordi kvenna verði ~~þær~~ nýttur, að hinn sérstaki reynsluheimur þeirra verði gerður sýnilegur og metinn til jafns við viðhorf karla sem stefnumótandi afl í þjóðfélaginu. Þá fyrst geta karlar og konur unnið saman, að karlar viðurkenni og tileinki sér þennan reynsluheim, á sama ~~hitt~~ og konur tileinki sér það besta og lífvælegasta úr viðhorfum karla."

almennar klisjur eða vinstri róttækni?

~~Áslaug Ragnars lætur einnig hjá líða að bæta því við fundargerð sína, að að þessari ráðstefnu lokinni, hurfu þær báðar, Helga Sigurjónsdóttir og Áslaug Ragnars frá frekari starfi með Kvennaframboði og fer ekki fleiri sögum af þeim á Hotel Vík.~~

~~Helga Kress gekk af fundi skömmu síðar,~~




eftir að almennur félagsfundur hafði vísað frá tillögu hennar um að Kvennaframbod tæki afstöðu til NATO og herstöðvarinnar í Keflavík. Forsenda þeirrar frávísunar var sú, að ekki þótti ástæða til að stefnuskrá í borgarmálum tæki afstöðu til hersins og ekki síður hin, að þótt þess sé vissulega að vænta að allar konur vilji frið, er ljóst að konur eru ekki sammála um það fremur en karlar hvernig sá friður verði best tryggður. Kvennaframbod hefur, og mun, berjast fyrir málum, sem bæta hag kvenna sérstaklega vitandi fyrir víst, að um þau geta konur staðið saman. En Kvennaframbod ímyndar sér þó ekki þar með, að allar konur hljóti að vera sammála um allt, sem á iði er, milli þimins og jarðar.

#### Sólskin og sunnanvindar

Síðari hluti greinar Áslaugar Ragnars gengst einkum upp í því að vitna til orða samframbjóðenda minna um leiðir opnar konum. Sjálf fæ ég varla séð nokkuð aðfinnsluvert í þeim tilvitnum og ekkert, sem erfitt er að standa við með hreinni samvisku. Konur hafa um árabil reynt fyrir sér innan ýmissa samtaka í þeirri von, að þar kynni jafnréttisbaráttan að eiga hljómgrunn og að þar mætti finna það vekjandi afl sem til þarf. Hafi þau samtök, eða flokkar, brugðist vonum kvenna, er það ekki konum að kenna heldur samtökunum. Þær yfirgefa nú flokka og saamtök til að opna nýjar leiðir í þeirri baráttu, sem sameinar konur. Nýja leiðin er Kvennaframboðið.

Snemma í þessum pistli skrifði ég, að grein Áslaugar Ragnars hefði orðið mér gleðiefni. Hvers vegna? Jú, vegna þess, að við lestur hennar sá ég svart á hvítu, hversu ánægjuleg framvindan var við stefnumótun Kvennaframboðsins, og hversu einbeittar við vorum í því að hafna vinstri leiðum, hægri leiðum, m iðjuleiðum - flokksleiðunum gömlu. Þeirra í stað tókum við höndum saman um að hefja konur upp yfir tegstreitu gömlu stjórnmálflokkanna og skapa alveg nýja stefnu. Það tókst einmitt vegna þess að "minnimáttarkenndin" vék fyrir stolti. Aðskilnaðarstefnan" vék fyrir þeirri fullvissu, að konur hafa jafn mikið til málanna að leggja og karlar og ættu að skapa



sjálfum sér tækifæri til þess svo karlar og konur fái einhvern tímann staðið hlið við hlið. Sú stefna verður hvorki kölluð hægri stefna né vinstri stefna og ekki heldur miðjustefna - raunar hefur engum tekist að draga hana í gamlan dílk, svo fersk sem hún er. Kannski getum við bara kallað hana sólskin og sunnanvind, ef hún endilega þarf að hafa annað nafn en kvænnastefna.

Síðan sól og sunnanvindar náðu yfirhöndinni á Hotel Vík, hefur starfið þar einkennst af trausti, baráttuvilja og fölskvalausri samstöðu. Enda gengur okkur allt í haginn þessa dagana:

Gleðilegt sumar:

Magdalena Schram.

c302